

AÐALFUNDUR 2018

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

4.0

ÁKVÖRÐUN STJÓRNAR UM FÉLAGSGJÖLD

Tillaga um félagsgjöld Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Lögð fram á aðalfundi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 24. maí 2018

Tillaga:

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá fyrra ári, eða 1,35% af dagvinnulaunum, sem skiptast í 1,2% í félagssjóð og 0,15% í vinnudeilusjóð.

Stjórn leggur til að hámarksgreiðsla á ári fyrir hvern félagsmann verði hækkuð og verði aldrei hærri en 105 þúsund krónur, að frádragnum greiðslum til vinnudeilusjóðs.

Stjórn leggur til að félagsgjöld fagaðila verði 10.000 krónur á ári og að félagsgjöld aukaaðila verði 1000 krónur á ári.

Greinargerð:

Hámark félagsgjalda hefur ekki verið hækkað síðan árið 2016, en á sama tíma hefur launavísitala hækkað um 18%. Þar af leiðandi hafa félagsgjöld hækkað nokkuð og því er svo komið að endugreiðsla til félagsmanna vegna hámarksins er mun meiri en áætlanir félagsins höfðu gert ráð fyrir. Haldist félagsgjöld óbreytt má reikna með að endurgreiðslan fyrir árið 2018 verði yfir 9,6 milljónir króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir um 4-5 milljón króna endurgreiðslu árlega. Ef hámarkið er hækkað skv. tillögunni má gera ráð fyrir um 4 milljón króna endurgreiðslu vegna hámarksíðgjalda á árinu 2018.

Félagsgjöld félagsmanna Fíh voru 1,5% af dagvinnulaunum fram til ársins 2013, þegar þau voru lækkuð í 1,4%. Í kjölfarið voru þau lækkuð að nýju í 1,2% árið 2014 og hafa haldist þar síðan. Félagsmenn Fíh greiða félagsgjöld sín einungis af föstum dagvinnulaunum, en þegar horft er á launasamsetningu félagsmanna má sjá að dagvinnulaun eru um 70% af heildarlaunum félagsmanna. Þau 30% sem eftir standa koma til af yfirvinnu, vaktaálagi og fleiru og það er sá hluti sem félagsmenn greiða engin félagsgjöld af. Þetta er ólíkt flestum öðrum stéttarfélögum, þar sem félagsgjöld eru reiknuð af heildarlaunum í stað dagvinnulaunum. Ef horft er til BHM má sjá að 24 af 27 aðildarfélögum reikna félagsgjöld af heildarlaunum. Til samanburðar er því ljóst að ef félagsgjöld Fíh væru reiknuð af sama grunni jafngiltu þau 0,84% af heildarlaunum félagsmanna væru greidd í félagsgjöld. Ef við berum það saman við meðalfélagsgjöld innan BHM má sjá að þau eru 0,98% á móti 0,84% hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.